

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 91 31. desember 1975 og skal gilda frá og með 1. janúar 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. apríl 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hjálparsjóð Ármúlafjölskyldunnar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 7. maí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Hjálparsjóð Ármúlafjölskyldunnar.

1. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Svavar Ellertsson og Sigríður Sigurðardóttir, fyrrum eigendur og ábúendur nýbýlisins Ármúla í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu og skal heiti sjóðsins vera Hjálparsjóður Ármúlafjölskyldunnar.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 20 000,00. Sjóðurinn tekur við frekari framlögum stofnenda og afkomenda þeirra og skulu slík framlög leggjast við stofnframlagið. Auk þess skal ¼ hluti vaxta árlega leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Af vaxtatekjum sjóðsins skulu $\frac{3}{4}$ hlutar árlega greiddir til Hjálparstofnunar kirkjunnar, sem ráðstafi fénu í eitthvert eitt neðangreindra verkefna hverju sinni: 1. sjúkraskýli, 2. skólabyggingu, 3. námsstyrk til landbúnaðarnáms.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki og ávaxtaður þar með hæstu mögulegum vöxtum á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: bankastjóri Búnaðarbankans á Sauðárkróki, sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og sóknarpresturinn á Sauðárkróki.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar og með samþykki Hjálparstofnunar kirkjunnar og biskups.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki 2. apríl 1984.

Sigríður Sigurðardóttir.

Svavar Ellertsson.